

Ed.

308. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefir borið tillögu þessa undir þann verkfræðing landsins, er hefir yfirumsjón með hafnargerðum og vitum, og ljét hann í ljós það álit sitt, að

tiltækilegt mundi vera að framkvæma rannsóknina á komandi sumri. Kostnaður við þá rannsókn taldi verkfræðingurinn að ekki mundi fara fram úr 2000 kr.

Að fengnum þessum upplýsingum mælir nefndin með því, að þingsályktunartillagan á þingskjali 238 sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1921.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

H. Steinsson.

Sigurður H. Kvaran.
ritari.

Hjörtur Snorrason.

Einar Árnason.